

Alþingi
Erindi nr. P 139/1408
komudagur 30/1.2011



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, 403. mál

Samtök iðnaðarins styðja í meginráttum tillögunu. Tekið er undir nauðsyn þess að efla samstarf þeirra sem starfa að þessum málun, enda eru breytingar í samgöngum margþætt verkefni sem krefjast skipulagningar ólíkra aðila varðandi regluverk og uppbyggingu innviða, tækja, búnaðar og menntunar. Erlent samstarf er mikilvægt því ljóst er að ekki verður svo stórt mál leyst alfarið innanlands. Eins og fram kemur í greinargerð er óvissa um þróun mála enn mikil en að sama skapi er fjöldi tækifæra til nýsköpunar, þróunar og atvinnuuppbyggingar. Samtökin taka því undir áherslur á að styðja við þróun endurnýjanlegra orkugjafa til samgangna.

Í tillögunni er lagt til að Ísland verði í forystu í þessum málum á heimsvísu. Samtökin telja það óþarflega háleitt markmið sem getur kostað mikið að ná. Mikilvægara er að setja raunhæf markmið í samræmi við getu landsmanna til að takast á við verkefnið og gæta að því að vanda undirbúningsvinnu.

Í umræðu á þinginu, þegar málið var lagt fram, var rætt um að tillagan yrði útvíkuð yfir á aðra geira atvinnulífs. Í því samhengi er bent á að ólíkar leiðir þarf að fara innan mismunandi geira til að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Hér eru lagðar til aðgerðir sem henta í samgöngum en aðrar leiðir geta verið heppilegri fyrir aðra geira. Til dæmis hefur verið valið að taka upp viðskiptakerfi með losunarheimildir fyrir stóriðju. Sú leið hentar enn sem komið er ekki eins vel fyrir samgöngur. Varðandi mögulegar leiðir fyrir sjávarútveg, landbúnað, stóriðju og aðra geira er vísað til skýrslu umhverfisráðuneytisins frá árinu 2009 „Möguleikar til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.“

Virðingarfyllst,

Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála